

Annar fundur (aukafundur) haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar þriðjudaginn 22. júní í félagsheimilinu Þórsveri. Fundur hófst kl. 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marínósson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að fundargerð Eyþings dags. 10. júní 2010 verði sett sem liður 6 og fundargerð fræðslu- og menningarnefndar dags. 12. júní 2010 verði sett á dagskrá sem liður nr. 7 og færast þá aðrir liðir neðar samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 10. júní 2010

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 13. júní 2010

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð fræðslu – og menningarnefndar dags. 11. júní 2010

Í lið eitt í fundargerðinni mælir nefndin með ráðningu Sigurðar Þ. Magnússonar.

Samþykkt samhljóða.

Í lið tvö verður ekki tekin afstaða að svo stöddu.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 17. maí 2010

Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Eyþings dags. 11. maí 2010

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð Eyþings dags. 10. júní 2010

Lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð fræðslu – og menningarnefndar dags. 12. júní 2010

Fram kemur í fundargerðinni að nefndin sé sammála að mæla með ráðningu Arnfríðar Aðalsteinsdóttur sem skólustjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

Fundargerðin samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningarsamningi við Arnfríði.

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri óskaði eftir því að settar verði 2. millj. í gangstéttir og lagfæringar þeirra sem fyrir eru.

Samþykkt samhljóða.

- Sveitarstjóri óskaði eftir því að sett verði 1,5 millj. í lagfæringar á íbúðum í eigu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

- Sveitarstjóri óskaði eftir því að sett verði 1 millj. í frágang við götur og opin svæði á Þórshöfn og Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða.

9. Bréf frá Sigurði R. Kristinssyni dags. 13. júní 2010

Í bréfi biðst Sigurður lausnar frá störfum í sveitarstjórn af heilsufarsástæðum, um óákveðinn tíma en í eitt ár hið minnsta.

Sveitarstjórn óskar Sigurði alls hins besta og góðs bata og veitir honum lausn frá sveitarstjórn í 12 mánuði.

Samþykkt samhljóða.

10. Ráðning sveitarstjóra.

Gunnólfur Lárusson vék af fundi.

Oddvita falið að ganga til samninga við Gunnólf Lárusson um áframhaldandi starf sem sveitarstjóri.

Samþykkt samhljóða

Gunnólfur kemur inn á fundinn.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:50.